

Fundargerð

Nefndarfundur Fjallskilaneftndar Reykhólahrepps haldinn 4. Apríl 2019 kl. 11:00. Mættir voru Árný Huld Haraldsdóttir, Vilberg Þráinsson, Hjalti Helgason, Styrmir Sæmundsson og Bergur Þrastarson. Sveitarstjóri mætti einnig til að kynna sér vinnu fjallskilaneftndar. Árný ritaði fundargerð og er hún 1 blaðsíða.

Dagskrá:

1. Leitardagar 2019

Fjallskilaneftnd leggur til að leitardagar í Reykhólahreppi verði eftirfarandi:

Svæði 1 – 5 Brekkuá að Naðurdalsá: 14. September

Svæði 6 Borgarland og Hafrafell: 7. September

Svæði 7 – 8 Naðurdalsá að Hjallaá: 14. September

Svæði 9 Reykjanes utan þjóðvegur við Kinnarstaði: 13. September

Svæði 10 Hjallaá út Hallsteinsnes að Djúpadal: 15. September

Svæði 11 – 14 Djúidalur að Skálanesi: 14. September

Svæði 15 – 16 Kálfadalur, Eyri, Klettur, Seljaland og Fjarðarhorn: 7. September

Svæði 17 Þorskafjarðarheiði og norðan Reiphólsfjalla: frá og með 30. Ágúst og eftir því sem veður leyfir.

Svæði 18 Múlasveit: 2.-6. September.

Seinni leit allra svæða er 28. September. Leitarseðill lagður fram síðar.

Formanni fjallskilaneftndar falið að hafa samband við Strandabyggð og mælast til þess að smalað verði frá Arnkötludal að Ósdal föstudaginn 6. September. Einnig að óska eftir að reynt verði að hafa smaladaga á svæðum sem liggja saman sem næsta hver öðrum.

2. Viðhald á réttum

Fjallskilaneftnd óskar eftir að starfsmenn sveitarfélagsins sjái um viðhald á réttum

Reykhólahrepps yfir sumartímann. Vitað er hvaða helgar réttað verður. Hafa skal samband við leitarstjóra síðasta árs eða nefndarmenn fjallskilaneftndar varðandi hvað þurfi að gera og til að fá aðstoð við viðhald.

3. Sauðfjárveikivarnagirðingar og svæði sem skarast við önnur sveitarfélög

Bæði Gilsfjarðarlína og Kollafjarðarlína þarfnast bóta eða endurnýjunar. Mikilvægi þessara girðinga er gífurlegt fyrir varnarsvæðið sem bændur í Reykhólahreppi búa við, bæði sem sauðfjárveikivarnagirðing og líka upp á að halda sölusvæðinu sem Reykhólar og Strandir hreinu og söluhæfu. Nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að kanna hvaða vinnu Matvælastofnun ætlar sér að leggja í girðingarnar. Best að fá það á hreint svo nefndin og sveitarstjórn geti beitt sér í þeim efnum fyrr en síðar liggi ekki fyrir að fara í þá vinnu hjá Matvælastofnun.

Árný Huld Haraldsdóttir
formaður Fjallskilaneftndar Reykhólahrepps
